

Lokaskýrsla til Sprotasjóðs



*Heildstætt nemendamiðað nám með áherslu á heimsmarkmiðin
Þróunarverkefni Tálknafjarðarskóla og Bíldudalsskóla
Þróun starfshátta og endurskoðun kennsluáætlana*

HEIMSMARKMIÐIN Markmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun



UMS-75, 2020-2021

Bíldudalsskóli og Tálknafjarðarskóli
Skólaárið 2020 til 2021

Verkefnisstjóri; Gunnþór E. Gunnþórsson
Skólastjóri; Birna Hannesdóttir

Markmið verkefnis samkvæmt umsókn

Áætlað var að skólarnir myndu vinna saman að skipulagningu þriggja 6 vikna þemaverkefna sem myndu byggja á heimsmarkmiðunum þremur. Þemaverkefnin áttu að vera drifin áfram af heimsmarkmiðunum og grunnþáttum aðalnámskrár með áherslu á að hlustað sé á nemendur, þau hafi áhrif á verkefnið og vinni saman þvert á árganga og á milli skóla. Áhersla á samþættingu námsgreina, að minnsta kosti samfélagsgreinum og náttúrugreinum og íslensku. Kjósi nemendur að ná fleiri námsmarkmiðum er það frjálst.

- Heilsa og vellíðan 3 - Heilbrigði og velferð - **Hver er ég?**
- Menntun fyrir alla 4 - Jafnrétti - Lýðræði og mannréttindi - **Heimurinn batnandi fer**
- Ábyrg neysla og framleiðsla 12 - Sjálfbærni - **KAUPÆÐI**

Markmið verkefnisins var að festa starfshætti í sessi þar sem lögð er áhersla á heimsmarkmið og grunnþætti og ekki síður að námið sé byggt á þátttöku nemenda og persónumiðaða starfshætti og skapandi vinnubrögð þar sem nemendur takast á við vitsmunalega krefjandi verkefni við hæfi.

Fyrirhugað var að vinna með þrjá grunnþætti en úr varð að skólarnir unnu Námsvísir sem tengdi **alla grunnþætti** menntunar við heimsmarkmiðin og samþættingu verkefna í skólanum. Kennarar völdu sér þemaverkefni sem áttu við grunnþættina og heimsmarkmiðin. Þemun breyttust eitthvað í meðförum, þ.e. titlarnir en útfærslurnar byggðu á því sem fyrirætlað var, þ.e. grunnþáttum og heimsmarkmiðum.

Dróunarverkefnið var unnið af öllu starfsfólki skólanna og nemendum en kennarar höfðu yfirumsjón með skipulagningu.

[Námsvísir Tálknafjarðarskóla](#)

[Námsvísir Bíldudalsskóla](#)

Skólarnir unnu að gerð námsvísis í sameiningu og síðan var það skólanna að útfæra hver á sínum stað. Báðir skólarnir teiknuðu upp sínar áherslur í svokölluðum námsvísir

- sem ætlað er að vísa veginn - grunnþættirnir og heimsmarkmiðin eru þær megináherslur sem ákvarða hvert viðfangsefni nemenda verður. Námsvísunum er síðan ætlað að þróast og breytast í samræmi við áherslur skólastarfsins. Á hverju ári bætast við inn í námsvísinn fyrirhugaðar rúllur sem teknar eru fyrir ár eftir ár.

Í öllum þemaverkefnunum var lögð áhersla á samþættingu allra námsgreina og nemendalýðræði. Yfir skólaárið var lögð áhersla á fjölbreytta samsetningu hópa - hóflega blöndu af einstaklingsverkefnum og hópaverkefnum.

Dæmi um útfærslur:

Heilbrigði og velferð: Hver er ég? Heimsmarkmið 1, 2, 3, 6

Læsi; Tjáningar og tilfinningar mínar. Heimsmarkmið 4

Lýðræði og mannréttindi; Heimabyggðin mín. Heimsmarkmið 16, 17, 13 og 8.

Sköpun; Heimurinn minn. Heimsmarkmið 9.

Sjálfbærni; Vistsporið okkar. Heimsmarkmið 7, 11, 12, 14 og 15.

Jafnrétti; Fordómar. Heimsmarkmið 5 og 10.

Frávik miðað við áætlun verkefnisins

Frávik voru lítil sem engin og verkefnið gekk umfram áætlanir. Helsta fráviknið var að gengið var lengra en fyrirhugað var í vinnu með grunnþættina og heimsmarkmiðin. Áætlað hafði verið að vinna með a.m.k þrjú þemu sem urðu sex á heildina en þrjú voru sameiginleg báðum skólunum.

Úr varð að kennsluáætlanir voru færðar inn í Mentor og tengd þar við hæfnikort nemenda.




Helsti ávinningur af vinnu við verkefnið, jákvæð atriði sem fylgdu í kjölfar eða samhliða verkefnavinnu

Námsvísar í Bíldudalsskóla og Tálknafjarðarskóla hafa verið samþykktir og verða endurskoðaðir nú á vordögum og áætlað er að þeir verði eitt megin stjórnþækið við útfærslu á námi skólanna. Samstarf við Patreksskóla bætist við á næsta skólaári.

NÁMSVÍSIR



| Grunnþættir | | | | | |
|--|---|--|--|--|--|
| HEILBRIGÐI OG VELFERÐ Að nemendur þekki sjálfan sig og fjölskyldu sína, eigin líðan og sjálfan sig sem námsmann og manneskju í samfélagi manna. Eigin styrkleika og veikleika, skráðar og óskráðar reglur. | LÆSI Að nemendur tileinki sér mikilvægt læsis í viðum skilningi. Læri að tjá sig í ræðu og riti, tjá tilfinningar og skoðanir á öruggan og persónulegan hátt. Skilji hvaða tjáningarform henti þeim best og njóti þess að taka virkan þátt. | LÝÐR/ÆÐI OG MANNRETTINDI Að nemendur þekki rétt sinn til að hafa áhrif og taka þátt í samfélaginu, hafa tilgang. Skilja samfélög og tilgang, ástæður og tengsl við aðra mikilvæga þætti. | SKÖPUN Að nemendur njóti þess að skapa og uppgötva, orva forvitni og áhuga, virkja ímyndunarafl og leika sér með möguleika. Sköpun byggist á forvitni, áskorun, spennu og leit að lausn með ólíkum aðferðum hvers og eins. | SJÁLFBÆRNI Að nemendur skilji að við berum ábyrgð á því að komið verði á sjálfbærni á Jörðinni. Skilningur á eigin vistspori, vistspori samfélaga og þjóða sem stuðlar að sjálfbærri þróun og hófsemi. | JAFNRÉTTI Að nemendur skilji hvernig allir hafi rétt á að fa að þroskast á eigin forsendum, rækta hæfileika sína og lífa ábyrgu lífi í frjálsum samfélagi ánda skilnings, friðar, umburðarlyndis, viðsýnis og jafnréttis án fordóma og mismununar. |
| Stýriorð: Eg, fjölskyldan, líkaminn minn, heilsa, heilbrigði, trúarbrögð, kynþætti, sambönd, kynheilbrigði, forvarnir, mannlégt, sammannlegt, persónulegt, gildi. | Stýriorð: Ísland, þróun búsetu, tilfinningar, náttúra, menning, listir, tjáning, samskipti, fjölmíðlar, samfélagsmiðlar, áhrif okkar og túlkun á það sem við lesum og skrifum. | Stýriorð: Heimabyggð, lýðræði, kerfi í kringum okkur, ákvarðanir, hagkerfi, félagsstórf, staða fólks í heimssporinu, heimili, réttindi barna og fullorðinna. Stjórnkerfi, politík, Tengsl manngerðra kerfa um allan heim. | Stýriorð: Sköpun, bókmenntir, ljóð, þjóðerni þjóða, stríð og áhrif á heiminn, hromungar og áhrif þeirra á heiminn, framfarir, tækni og vísindi. Sköpun heimsins og þróun. | Stýriorð: Jörðin búsvæði okkar allra og ábyrgð gagnvart auðlindum hennar, umhverfi, endurvinnsla, ný tækni. | Stýriorð: mannkostir og siðfræði, mannrækt, jafnrétti kynja og allra manna, líf og menning fólks um allan heim. |
| 2020-2021 - Lotuverkefni (Stóru verkefni) | | | | | |
| 24. ágúst til 2. október . | 5. október til 13. nóvember | 16. nóvember til 8. janúar. | 11. janúar til 19. febrúar. | 22. febrúar til 9. apríl. | 12. apríl til 21. maí |
| Hver er ég? Sjálfsmynd er sú mynd sem við höfum af sjálfum okkur og hvernig aðrir sjá okkur. Sú mynd er í stöðugri þróun og mótaskast á þeim samskiptum og reynslu sem við verðum fyrir í lífinu. | Tjáningar og tilfinningar mínar Tilfinningaskalin er langur og breiður og hann er hægt að nýta á ýmsan hátt. Gott er að þekkja tilfinningar sínar og annarra og sýna þeim skilning. | Heimabyggðin mín Sú tilfinning að tilheyra samfélagi en þurfa á sama tíma að koma til móts við og skilja ólíkar þarfir hvers annars. Samvinna þvert á aldur | Heimurinn minn Heimurinn er heimili okkar allra og mikilvægt er að vera meðvitaður um þær nauðsynjar sem við þurfum til að lífa af. Hver og einn einstaklingur getur lagt sitt að mörkum að skapa betri heim. Samvinna þvert á aldur | Vistsporið okkar Vistspor er mælikvarði á hversu mikið af gæðum Jarðar fólk nýtur til að uppfylla neyslu sína. Mikilvægt er að gera sér grein fyrir að hver og einn einstaklingur getur haft áhrif á heildarmyndina. | Fordómar Eru allir með fordóma? Fordómar eru víða og í mismunandi mynd. Mikilvægt er að líta innvið og fræðast um tilveru rétt hvers og eins. Samvinna þvert á aldur |
| Lýkilhæfni (sérstök áhersla): Tjáning og miðlun Sjálftæði og samvinna Ábyrgð og mat á eigin námi | Lýkilhæfni (sérstök áhersla): Tjáning og miðlun Samvinna Nýting miðla og upplýsinga | Lýkilhæfni (sérstök áhersla): Skapandi og gagnrýnin hugsun Nýting miðla og upplýsinga Ábyrgð og mat á eigin námi | Lýkilhæfni (sérstök áhersla): Skapandi og gagnrýnin hugsun Nýting miðla og upplýsinga | Lýkilhæfni (sérstök áhersla): Tjáning og miðlun Skapandi og gagnrýnin hugsun | Lýkilhæfni (sérstök áhersla): Sjálftæði og samvinna Nýting miðla og upplýsinga Ábyrgð og mat á eigin námi |

| | | | | | |
|---|--|--|--|--|--|
| <p>Áhersla við samþættingu námsgreina:</p> <ul style="list-style-type: none"> Íslenska Samfélagsfræði Upplýsinga og tæknimennt | <p>Áhersla við samþættingu námsgreina:</p> <ul style="list-style-type: none"> Íslenska Samfélagsfræði Upplýsinga og tæknimennt | <p>Áhersla við samþættingu námsgreina:</p> <ul style="list-style-type: none"> Íslenska Samfélagsfræði Stærðfræði Náttúrugreinar | <p>Áhersla við samþættingu námsgreina:</p> <ul style="list-style-type: none"> Íslenska Samfélagsfræði Upplýsinga- og tæknimennt | <p>Áhersla við samþættingu námsgreina:</p> <ul style="list-style-type: none"> Íslenska Stærðfræði Náttúrugreinar | <p>Áhersla við samþættingu námsgreina:</p> <ul style="list-style-type: none"> Íslenska Samfélagsfræði Upplýsinga- og tæknimennt |
| <p>Afurð: Í Seesaw Í skjali á Google drive</p> <p>Lokaafurð lotunnar: Veggspjald Sjálfsmyndir í raunstærð</p> <p>Kynning: Nemendur kynna foreldrum verk sín í viðtali.</p> | <p>Afurð: Í Seesaw Í skjali á Google drive</p> <p>Lokaafurð lotunnar: Leikrit</p> <p>Kynning: Nemendur sýna leikrit fyrir skólanum.</p> | <p>Afurð: Í Seesaw Í skjali á Google drive</p> <p>Lokaafurð lotunnar: VAL Veggspjald Skyggjusýning Seesaw Listaverk</p> <p>Kynning: Afurðin kynnt í bekknum og til sjónis í skólanum.</p> | <p>Afurð: Í Seesaw Í skjali á Google drive</p> <p>Lokaafurð lotunnar: Veggspjald</p> <p>Kynning: Afurðin kynnt skólanum og sveitarstjórn.</p> | <p>Afurð: Í Seesaw Í skjali á Google drive</p> <p>Lokaafurð lotunnar: VAL Veggspjald Slæðusýning Myndband Annað</p> <p>Kynning: Afurð kynnt skólanum.</p> | <p>Afurð: Í Seesaw Í skjali á Google drive</p> <p>Lokaafurð lotunnar: VAL Sameiginlegt veggspjald Slæðusýning Myndband QR köðar</p> <p>Kynning: Nemendur kynna verk sitt fyrir samfélaginu.</p> |
| <p>Heimsmarkmiðin</p> | | | | | |
| <p>Heimsmarkmiðin eru samþætt þemaverkefnum ef haegt er að koma því við. Nemendur eru hvattir til þess að vinna verkefni sem hafa áhrif á umhverfi okkar og heimsmynd og taka þannig beinan þátt í að vinna að því að ná markmiðum heimsmarkmiðanna.</p> | | | | | |
|  | |  | |  | |

Jákvæður ávinningur er að í vetur er áætlað að tengja enn betur saman vinnu með grunnþættina og heimsmarkmiðin á milli allra skólanna þriggja. Aukin áhersla á nemendalýðræði og aðkomu nemenda að námi sínu og ábyrgð hefur einnig skilað sér og sjá má á göngum skólanna hvernig verk nemenda hafa móta skólastarfið.

Samstarfsverkefnið LÆRVEST mun styðja við að verkefnið festist í sessi en með því er áætlað að auka ennfremur samvinnu og samstarf kennara og skólustjórnenda á Vestfjörðum og með tímanum um allt land.

Mat á verkefninu samkvæmt umsókn:

- Markmið gengu eftir
- Verkefnið byggir undir frekara samstarf skólanna í Vesturbyggð og á Táknafirði.
- Námsvísir sem mikilvægur námslegur samstarfsgrunnur sem byggir á grunnþáttum menntunar.
- Verkefnið er mjög líklegt til að festast í sessi.


Afrakstur

Afrakstur verkefnisins birtist að mestu í námsvísum og þeirri vinnu sem var í gangi á síðasta skólaári og hvernig þemun eða loturnar byggjast upp í kringum þá línu sem lögð er þar. Kennsluáætlanir er að finna inni í Mentor hjá hverjum skóla.

LÆRVEST verkefnið þar sem kennarar í skólunum öllum - auk Grunnskóla Bolungarvíkur, Reykhólaskóla og Grunnskóla Strandabyggðar er byggt upp þannig að kennarar deila reynslu sinni af vinnu útfrá námsvísum og skiptist á verkefnum og hugmyndum af útfærslum.



Gunnþór Eyfjörð Gunnþórsson
Verkefnisstjóri



Birna Friðbjört S. Hannesdóttir
Skólastjóri

Viðhengi:

1. [Rekstrarreikningur](#)